

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs

18. apríl 2024, kl. 16:00

Borgartúni 12-14 og á Teams

Mættir: Kristinn Jón Ólafsson (KJÓ), Helga H. Björnsdóttir (HHB) og Sverrir B. Magnússon (SBM). Stella Stefánsdóttir (SS), Ásrún Kristinsdóttir (ÁK) og Bergur Þ. Benjamínsson (BÞB) tóku þátt gegnum fjarfundarbúnað.

Einnig sátu fundinn: René Biasone (RB) og Þórólfur Jónsson (ÞJ) sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Landvarsla

ÞJ hefur verið í sambandi við Óskar landvörð varðandi að taka að sér landvörslu 2024. Niðurstaða liggur ekki fyrir.

2. Fjármagn frá sveitarfélögunum vegna 2024

- KJÓ sagði að Reykjavík hefði ákveðið að greiða fyrir hálf ár og þá væri miðað við að úrsögn tæki gildi 1. júlí. 2024
- SBM sagði að Reykjanesbæjar hefði tekið ákvörðun um að ganga út og myndi fylgja dæmi Reykjavíkur.
- HHB sagði að Seltjarnarnes hefði tekið ákvörðun um að ganga út og myndu væntanlega fylgja Reykjavík varðandi greiðslur.
- BÞB sagði að Kópavogur hefði tekið ákvörðun um að ganga út en ákvörðun um greiðslur væri til skoðunar.
- SS sagði að Garðabær myndi ekki ganga út og myndu greiða gjald í samræmi við fyrri greiðslur.
- ÁK sagði að Grindavík yrði áfram og myndi greiða í samræmi við fyrri greiðslur.
- Áður lá fyrir að samkvæmt upplýsingum frá fundargerð í bæjarráði Voga munu þau ætla sér út.
- Einnig lá fyrir að Hafnarfjörður héldi áfram og myndi greiða miðað við fyrri greiðslur.

3. Ferli úrsagnar

RB nefndi að hefja þyrfti ferli með ráðuneytinu. Heppilegt væri að öll bréf frá sveitarfélögunum til ráðuneytisins bærust á sama tíma.

RB nefndi einnig að fordæmi væri fyrir því að friðlýsingartexti hefði breyst þ.e. þegar Vogar bættust við.

4. Önnur mál

Umræða um landvörslu Umhverfisstofnunar. RB upplýsti að landvarsla yrði aukin á eldgosasvæðinu. Umhverfisstofnun sinnir ekki landvörslu í fólkvanginum en það gæti þó orðið óbein áhrif vegna umferðar landvarða um fólkvanginn.

Fundi slitið 16:40

Næsti fundur ekki ákveðinn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026